



AÐALSKIPULAG FLÓAHREPPS 2017-2029

Mosató – stækkun hótels

20.02.2023



Samþykktir

Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps þann 5. 9. 2023



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 26. SEPT. 2023



Skipulagsferli

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá 25. ágúst með athugasemdafrést til 15. sept. 2022.

Aðalskipulagsbreyting var kynnt til 6. 4. '23

auglýst frá: 1. 6. '23 með athugasemdafresti til 14. 7. '23

Skipulagsgögn

Greinagerð þessi með forsendum, umhverfisskýrslu og skipulagsupprætti.

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-------|---|---|
| 1 | INNGANGUR | 4 |
| 1.1 | Markmið með breytingunni | 4 |
| 2 | FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR | 4 |
| 2.1 | Staðhættir | 4 |
| 2.2 | Tengsl við aðrar áætlanir | 5 |
| 2.2.1 | Landsskipulagsstefna 2015-2026 | 5 |
| 2.2.2 | Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 | 6 |
| 2.2.3 | Deiliskipulag | 7 |
| 2.2.4 | Minjar | 7 |
| 3 | BREYTING Á AÐALSKIPULAGI | 7 |
| 3.1 | Breyting á upprætti | 7 |
| 3.2 | Breyting á greinagerð | 7 |
| 4 | UMHVERFISÁHRIF | 8 |
| 4.1 | Vægi umhverfisáhrifa | 8 |
| 4.2 | Umhverfisþættir, viðmið og matssurningar | 8 |
| 4.3 | Mat á umhverfisáhrifum | 9 |
| 5 | MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARADILAR | 9 |
| 5.1 | Skipulagslýsing | 9 |
| 5.2 | Kynning, auglýsing og staðfesting aðalskipulagsbreytingar | 9 |

| HÖFUNDUR | RÝNI | VERKNR. |
|----------|------|---------------------|
| BRE | ÁJ | 4670-010-10-ASK-V01 |



1 INNGANGUR

Sveitarfélagið vinnur að breytingu Aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin tekur til verslunar- og þjónustusvæðisins Hnaus Vþ11 þar sem í gildi er deiliskipulag frá 16. ágúst 2016 fyrir Hótel á Mosató 3 (L225133).

Með breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir auknu umfangi hótelsins. Heimilt verður að byggja við núverandi hótel og fjölga herbergjum úr 20 í 27. Heildarbyggingarmagn svæðis verður allt að 3.000 m³.

Einnig er fellt út vatnsból, VB5, sem sett var inn með aðalskipulagsbreytingu, dags. 21.04.2020 í B-deild, enda er byggð tengd Vatnsveitu Flóahrepps.

Samhliða er unnið að breytingu aðalskipulags á Hnausajörðinni, þar sem skilgreind frístundabyggð og skógræktar- og landgræðsluslusvæði breytist í landbúnaðarland.

Gerð er breyting á greinagerð aðalskipulags er varðar verslunar- og þjónustusvæðið Vþ11. Unnin er umhverfismatsskýrsla fyrir aðalskipulagsbreytinguna skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

1.1 Markmið með breytingunni

- Breyta ákvæðum aðalskipulags um uppbyggingu hótels á Vþ11.
- Koma til móts við ósk landeiganda um aukið byggingarmagn innan svæðisins.
- Styrkja þjónustu við ferðamenn í sveitarfélagini með því að fjölga gistirymum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Hnaus er staðsett nokkuð austan Selfoss og í nálæg við marga helstu viðkomustaði ferðamanna á Suðurlandi. Í samræmi við aukin straum ferðamanna um Suðurlandið er talsverð eftirspurn eftir gistirymum á svæðinu. Í gildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir að núverandi hótel yrði með steyptum kjallara þar sem suðurhlíð hótels yrði með fulla lofhæð en norðurhlíð yrði felld inn í landið. Hótelin var hinsvegar reist á einni hæð, án kjallara. Breytingar eru gerðar á aðalskipulagi svo hægt sé að bæta við annarri hæð á hótelinum svo hægt sé að mæta aukinni eftirspurn eftir gistirymum. Samhliða er fellt út brunnsvæði vatnbóls, þar sem svæðið nýttir þjónustu Vatnsveitu Flóahrepps.

2.1 Staðhættir

Svæðið er sunnan við Suðurlandsvegar, með aðkomu af Hnausvegi. Svæðið hefur í gegnum tíðina verið nýtt til frístunda, m.a. hestamennsku og skógrækt. Á jörðinni hefur talsvert af trjám verið gróðursett, m.a. fura, greni, ösp og reyniviður.

Á svæðinu var reist hótel árið 2018 sem er tæplega 973 m² með rúmlega 200 m² baðhúsi skv. fasteignaskrá Þjóðskrá Íslands. Hótelin er nokkru norðan við skilgreint vatnsverndarsvæði.



Á svæðinu eru engar skráðar náttúruminjar og er það á skilgreindu mikilvægu fuglasvæði, líkt og allt Suðurlandsundirlendið.



MYND 1. Skipulagssvæðið er innan gula rammans. Skjáskot af map.is.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag í dreifbýli:

„Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúrvá og sérstaklega verði hugað að hættu sem fylgir gróðureldum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð og á skógræktarsvæðum“.



Breytingin samræmist landsskipulagsstefnu m.a. þar sem þegar hefur verið gert ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu og því verið að stuðla að hagkvæmari nýtingu innviða.


2.2.2 Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

Aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2029 var staðfest í lok árs 2018.

Markmið sveitarfélagsins er varðar verslunar- og þjónustusvæði er að stuðla að nýjum atvinnutækifærum og að efla þjónustu við ferðamenn og afþreyingarmöguleikum til að fylgja atvinnutækifærum. Leitast er eftir því að efla þau tækifæri sem fyrir eru og fjölgja gistirýmum í takt við þann fjöldi ferðamanna sem leggur leið sína um Flóahrepp.

TAFLA 1. Hluti töflu úr kafla 2.4.2 Verslun og þjónusta í gildandi greinargerð aðalskipulags.

| VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI | | | |
|-----------------------------|--|-------|-------|
| Nr. Heiti svæðis | Lýsing | Jörð | Staða |
| Vþ11 Hnaus | Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 20 herbergja hótelí á um 2 svæði. Gisting fyrir allt að 50 gesti. | Hnaus | 1 hús |



MYND 2. Gildandi aðalskipulag í landi Hnaus II. Svæðið er innan rauða hringsins.



Aðalskipulagsbreytingin samræmist markmiðum gildandi aðalskipulags þar sem unnið er að því að fjölga gistirýmum í sveitarféluginu í takt við aukin straum ferðamanna. Þar sem uppbygging hótelss hefur þegar hafist á svæðinu, og aðeins um staekkun hótelss að ræða, er verið að byggja á þeim tækifærum sem þegar eru til staðar og þannig takmarka rask á öðrum landsvæðum.

2.2.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag hótelss og frístundabyggðar Hnaus II. Deiliskipulagið tók í gildi í ágúst 2016. Unnið er að breytingu deiliskipulags í samræmi við breytingar aðalskipulags m.t.t. byggingarskilmála og byggingarheimild.

2.2.4 Minjar

Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi er lokið. Engar þekktar minjar eru innan svæðanna sem breytingum tekur.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

3.1 Breyting á uppdrætti

Gerð er breyting á uppdrætti, þar sem fellt er út vatnsból VB5, sem sett var inn með aðalskipulagsbreytingu, dags. 21.04.2020 í B-deild, enda er byggð tengd Vatnsveitu Flóahrepps.

3.2 Breyting á greinagerð

Í greinagerð er gerð breyting á töflu í kafla 2.4.5 Verslun- og þjónusta. Breytingar gerðar á skilmálum svæðisins. Stefna í gildandi skipulagi gildir, fyrir utan ný eða breytt ákvæði sem sett eru fram í greinagerð þessari.

Texti í gildandi skipulagi:

| VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI | | | |
|-----------------------------|--|-------|-------|
| Nr. Heiti svæðis | Lýsing | Jörð | Staða |
| Vþ11 Hnaus | Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 20 herbergja hótel á um 2 ha svæði. Gisting fyrir allt að 50 gesti. | Hnaus | 1 hús |



Texti í breyttu skipulagi:

| VERSLUNAR- OG PJÓNUSTUSVÆÐI | | | |
|-----------------------------|--|-------|-------|
| Nr. Heiti svæðis | Lýsing | Jörð | Staða |
| Vþ11 Hnaus | Gert er ráð fyrir allt að 27 herbergja hótelí á um 2 ha svæði. Gisting fyrir allt að 60 gesti. Neysluvatn kemur frá Vatnsveitu Flóahrepps. Vanda skal frágang fráveitum í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vegna nálægðar við skilgreint vatnsverndarsvæðis. Heildarbyggingarmagn lóðar er allt að 3.000 m ² . | Hnaus | 1 hús |

4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 111/2021, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda. Gerð verður grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagsлага. Í umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsbreytingar er leitast við að gera grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.2.

Í skipulagsgerð er mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða móturn á mótvægisáðgerðum. Mat á áhrifum byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis. Ekki er lagt mat á samanburð mismunandi valkosta heldur gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum af breytingu aðalskipulagsins.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímалengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísú og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til lands tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

4.2 Umhverfisþættir, viðmið og matssurningar

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeiri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til umhverfisþátta í töflu 2 og leitast við að svara eftirfarandi matssurningum:



TAFLA 2. Umhverfisþættir og helstu matssprungar.

| UMHVERFISPÆTTIR | VIÐMIÐ | MATSSPURNINGAR |
|------------------------|---|---|
| Loft | Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Stefna í aðalskipulagi. | Losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis. |
| Gróður og dýralíf | Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar. | Áhrif á gróður og dýralíf. |
| Ásýnd og landslag | Landskipulagsstefna 2015-2026 | Áhrif á ásýnd og landslag. |
| Samfélag | Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. | Áhrif á atvinnulíf. Áhrifum á ferðamennsku og styrkingu byggðar. |
| Minjar og verndarsvæði | Stefna í aðalskipulagi. Aðalskráning fornminja. Náttúruminjaskrá. | Áhrif á náttúruminjar, fornminjar og verndarsvæði. |
| Heilsa og öryggi | Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 | Náttúrvá. Umferðaröryggi. Útvistamöguleikar. |

4.3 Mat á umhverfisáhrifum

Áhrif aðalskipulagsbreytingunnar eru óveruleg á alla umhverfisþætti að samfélagi undanskildu þar sem þau eru metin jákvæð. Ekki er gert ráð fyrir verulegum óæskilegum áhrifum umfram núverandi starfsemi hótels með þar sem óverulega stækkan er að ræða sem kemur ekki til með að breyta núverandi forsendum starfseminnar með verulegum hætti. Verið er að beina uppbyggingu gistirýma á þegar byggt svæði og því verið að nýta þær veitur og innviði sem þegar eru til staðar. Breytingin kemur til með að styrkja sveitarfélagið með því að auka þjónustu við ferðamenn. Slíkt gerir sveitarfélagið samkeppnishæft samanborið við önnur nærliggjandi sveitarfélög. Heildaráhrif aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin jákvæð og sveitarfélagið er hlynnt breytingunni.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

5.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var kynnt til 16. Sept. 2022. Umsagnir við skipulagslýsingu bárust frá Umhverfisstofnun (dags. 16. sept.), Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (dags. 20. sept.), Vegagerðinni (dags. 16. sept.) og Skipulagsstofnun (dags. 15. sept.) sem höfð var til hliðsjónar við vinnslu tillögunnar.

5.2 Kynning, auglýsing og staðfesting aðalskipulagsbreytingar

Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst veturni 2022-23 að fenginni heimild Skipulagsstofnunar til auglýsingar. Breytingin verður auglýst í staðarblöðum, blöðum á landsvísu og heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita (www.utu.is)

Auk þess verður eftirtöldum aðilum boðið að senda inn umsögn:

- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands



- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands


Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi snemma árs 2023.


Floahreppur - Adalskipulag 2017-2029



Adalskipulagsbreyting - Mosato - staekkun hotels



GILDANDI ADALSKIPULAG 1:50.000



BRETT ADALSKIPULAG 1:50.000

*Samhlífa er í ferli adalskipulagsbreyting fyrir Hnaus, fristundabyggd yfir í landbunadarsvasdi.

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGD

| | |
|--|----------------------------------|
| | ibudarbyggd |
| | Fristundabyggd |
| | Version- og fjjonusta |
| | Samfelagsbjonusta |
| | Landbiinadarsvaedi |
| | Efnistbku- og efnislosunarsvaedi |
| | Strandsvaedi |
| | Vatnsbol |

SAMGONGUR og veitur

| | |
|--|--------------------|
| | Stofnvegir |
| | Tengivegir |
| | Heradsvegir |
| | Slodar |
| | Gonguleidir |
| | Reidleidir |
| | Reidhjolaleidir |
| | Raflinir 6A-290 kV |
| | Vatnsveita |
| | Ljdsleidari |

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

| | |
|--|-------------------------------|
| | SvaeSi á natturuminjaskra |
| | Hverfisvernd |
| | FriSlystar forminjar |
| | Fornminjar undir hverfisvernd |

TÁKN TIL SKÝRINGAR

| | |
|--|------------------------------------|
| | Skipulagsmork |
| | Landamerki, oviss og ekki taemandi |
| | RaektaS land |
| | Landbunaflarland flokkur I og II |



Floahreppur - Adalskipulag 2019-2029
Adalskipulagsbreyting - Mosato - staekkun hotels
Sveitarfelagsupprdrattur

| | | | |
|--------------|-------------|--------------|-------|
| VERK: | BLADSTZERD: | UNNID: | RYNT: |
| 4670-010-10 | A4 | KDG | ÁJ |
| M/ELIKVARDI: | DAGS: | DAGS.BREYTT: | |
| 1:50.000 | 20.02.2023 | | |

SAMPYKKT: